

**XI. KAFLI**  
**Almenn ákvæði.**

**107**  
1. sept.

42. gr.

Sýslunefndin sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

43. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—200 kr. eftir málavöxtum, er renni í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, eða í sýslusjóð.

44. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

45. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi Fjallskilareglugerð fyrir Þingeyjarsýslu vestan Jökulsár frá 15. ágúst 1929.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1937.*

**Hermann Jónasson.**

*Vígfús Einarsson.*

**SAMÞYKKT**

**um vörzlu alifugla á Hólmavík.**

**108**  
4. sept.

1. gr.

Hver húsráðandi á Hólmavík, sem á alifugla, svo sem hænsemi, gæsir og endur, skal skyldur til að geyma þá í þar til gerðum girðingum eða húsi svo öruggt sé að þeir gangi ekki lausir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september ár hvert. Þó má hleypta þeim í fjöru þann tíma, þar sem þannig hagar til, að þeir geta engan átroðning eða óskunda gert öðrum.

2. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—100 krónum, sem renna í sveitarsjóð

3. gr.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið eins og almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Hrófbergshrepps og samþykkt af sýslunefnd Strandasýslu, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 32 4. júní 1924, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Dóm- og kirkjumálaráðuneytið, 4. september 1937.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*